



Greinargerð með ársreikningi Bolungarvíkurkaupstaðar 2011

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2011 er hér tekinn til síðari umræðu. Rétt er að geta þess að gerðar hafa verið leiðréttingar á ársreikningi frá fyrri umferð sem hafa lítilsháttar áhrif á niðurstöðu rekstrar samstæðu A- og B-hluta en engin áhrif á niðurstöðu A-hluta, en þær stafa m.a. af breytingu sem vikið verður að hér að neðan.

Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði EBIDTA svo nefnd framlegð nam 101 m.kr. sem er 31 m.kr. betri niðurstaða en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 712 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta, þar af námu tekjur A-hluta um 592 milljónum króna. Heildarlaun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 332 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 61 stöðugildi í árslok.

Heildareignir A-hluta nema um 1.120 m.kr. og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 1.278 milljónum króna í árslok 2011. Heildarskuldir A-hluta námu um 834 milljónum króna en skuldir samstæðunnar A og B hluta námu 1.189 milljónum króna. Eigið fé bæjarsjóðs nam um 286 milljónum króna og eigið fé í samanteknum reikningsskilum (A- og B-hluta) 90 milljónum króna.

Svo nefnt skuldahlutfall þ.e. skuldir og skuldbindingar í hlutfalli við tekjur er 1,41 fyrir A-hluta en fyrir samstæðu A- og B-hluta er hlutfallið 1,67.

Rétt er að vekja athygli á einni verulegri breytingu frá fyrri umræðu um ársreikning sem fram kemur í skýringu nr. 10 í ársreikningnum, en í maí 2012 fékk Bolungarvíkurkaupstaður samþykkt hjá Ríkisskattstjóra kröfu sína um að fá endurgreiddan allan virðisaukaskatt af endurbótum við Félagsheimilið sem er í virðisaukaskattskyldri starfsemi. Um er að ræða endurgreiðslu á virðisaukaskatti að upphæð 59 m.kr. sem kemur fram í viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Upphæðin kemur einnig til lækkunar á skuld Félagsheimilis Bolungarvíkur við aðalsjóð en skuldin nemur eftir breytingarnar 272 m.kr.

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar er hér lagður fram til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Bolungarvík 31. maí 2012
Elías Jónatansson, bæjarstjóri